

Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði Akranes, Selfoss og Hveragerði



Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði Akranes, Selfoss og Hveragerði

VIAPLAN.IS

lilja@viaplan.is

25.janúar 2018

Efinsyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Niðurstöður - samantekt	5
3	Bakgrunnur og forsaga	7
4	Íbúafjöldi og atvinna	9
5	Forsendur og framkvæmd	11
6	Niðurstöður – bakgrunnsupplýsingar	13
6.1	Kyn og aldur	13
6.2	Menntun	15
6.3	Möguleiki á að vinna heima.....	18
6.4	Ferðamáti	19
6.5	Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu ?	23
6.6	Ef þér byðist draumastarfið ?	27
6.7	Vegir og tilfinningar	32
6.7.1	Almennt um tegundir vega.....	32
6.7.2	Vegir við Akranes	37
6.7.3	Vegir við Selfoss og Hveragerði	40
6.8	Annað - athugasemdir	45
6.8.1	Akranes	45
6.8.2	Selfoss og Hveragerði	48
7	Ferðamynstur	51
7.1	Akranes og Hvalfjarðarsveit – Vinnusóknarmynstur	53
7.2	Akranes – Búsetumynstur.....	57
7.3	Hvalfjarðarsveit (Norðurál) – Búsetumynstur	60
7.4	Selfoss – Vinnusóknarmynstur	62
7.5	Hveragerði – Vinnusóknarmynstur.....	65
7.6	Eyrbakki – Vinnusóknarmynstur.....	67
7.7	Selfoss – Búsetumynstur	69
7.8	Hveragerði – Búsetumynstur.....	71
8	Niðurstöður - Vinnusóknarsvæði.....	73
9	Viðauki 1 – Spurningalisti Akranes	81
10	Viðauki 2 – Spurningalisti Selfoss og Hveragerði.....	84

1 Inngangur

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka ferðamynstur (e. Commuting patterns) fólks sem er búsett og/eða vinnur á Akranesi, Selfossi og í Hveragerði, til þess að geta skilgreint vinnusóknarsvæði. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar

Ferðamynstur eru erlendis fundin þannig að búseta fólks og starfsstöð er samkeyrð í gagnabönkum hagstofu viðkomandi lands. Hérlandis finnast því miður ekki upplýsingar um starfsstöðvar fólks í opinberum gagnagrunnum, heldur einungis hjá fyrirtækjunum sjálfum eða bara alls ekki. Vonir standa til að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á næstu árum, en á meðan svo er ekki, er til önnur leið til að finna þessi mynstur, þ.e. að spyrjast fyrir hjá fyrirtækjum og starfsmönnum sjálfum. Spurningaleiðin getur gefið góða mynd af ferðamynstri og þar af leiðandi vinnusóknarsvæði og því nýst ágætlega í faglegar greiningar í skipulags- og samgöngumálum.

Árið 2015 og 2016 voru samskonar verkefni unnin fyrir Mið-Austurland, höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Húsavík og norðanverða Vestfirði. Öll verkefni hafa verið styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar, nema verkefnið á Akureyri og Húsavík sem styrkt var af Bygðarannsóknarsjóði. Markmiðið með þessum verkefnum er að búa til gagnasafn um ferðamynstur á landinu öllu.

Gagnasafninu er ætlað að styrkja grunngreiningar sem vinna þarf í tengslum við Samgönguáætlun varðandi samgöngubætur innan vinnusóknarsvæða, Landsskipulagsstefnu, Sóknaráætlanir landshluta og aðrar staðbundnar greiningar. Þegar ferðamynstur og vinnusóknarsvæði liggja fyrir er hægt að greina bæði áhrif af skipulagsáætlunum og sömuleiðis sjá hvaða svæði, búsetu, atvinnuveg osfrv. þarf að styrkja.

Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar.

Þakkið er Ásta Þorleifsdóttir hjá Innanríkisráðuneytinu, Einar Jónsson hjá skipulagsstofnun og Árni Ragnarsson hjá Bygðastofnun sem aðstoðuðu við verkefnið.

2 Niðurstöður - samantekt

Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára á Akranesi, Selfoss og í Hveragerði er 11.977, af þeim tóku 698 þátt í verkefninu eða 5,8%. Auk þessa fengust upplýsingar frá Norðuráli á Grundartanga um búsetu alls 716 starfsmanna eftir póstnúmerum.

Lagðar voru annars vegar fyrir almennar spurningar um bakgrunn fólks, ferðamáta og almennan vilja til að ferðast og hins vegar voru lagðar fyrir fólk spurningar um búsetu og staðsetningu vinnustaðar. Helstu niðurstöður úr almennu spurningunum voru þær að langstærsti hluti svarenda vill vinna nálægt heimili sínu sé þess kostur, eða í innan við 10-20 mín ferðalengd. Það sem er einna áhugaverðast við niðurstöðurnar fyrir Akranes og Selfoss er að mun fleiri þar segja að þeir væru tilbúnir að keyra lengri vegalengdir >40 mín í draumastarfið miðað við svör fólks í sambærilegum verkefnum fyrir Norðurland, Austurland, Vestfirði og höfuðborgarsvæðið en þar voru ennþá langflestir undir 30 mín. Spurning er hvort þetta helgist af því að fólk á Akranesi og Selfossi er vanara að ferðast í lengri tíma þar sem margir sækja vinnu yfir langan veg. Það að vita af höfuðborgarsvæðinu í ca 40-60 mín akstursfjarlægð getur líka spilað stóran þátt í þessum niðurstöðum miðað við t.d svæði eins og Akureyri, Egilsstaði eða Ísafjörð þar sem fólk er ekki vant því að hafa borg innan slíkra akstursvegalengda.

Megintilgangur verkefnisins var að fá hugmynd um ferðamynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði. Í kafla 7 eru sýnd ferðamynstur (vinnusóknarmynstur og búsetumynstur) fyrir Akranes og Selfoss og þar kemur í ljós að töluvert stór hluti íbúanna eru að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið, eða á bilinu 18-42%. Það skal þó tekið fram að úrtak verkefnisins er ekki jafndreift eftir aldri og menntun og var hlutfall háskólamenntaðra sem svörðu spurningalistanum töluvert hærri en meðaltalið er á svæðunum. Niðursöður sýna einmitt einnig að háskólamenntaðir eru að sækja vinnu um lengri veg heldur en fólk með minni menntun.

Hugtakið vinnusóknarsvæði hefur verið notað frá því árið 2008 þegar kort yfir vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Íslandi var sett fram í samstarfi Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Verklagið við skilgreiningu á svæðunum var einfalt og byggt á staðarþekkingu og upplýsingaöflun starfsmanna atvinnuþróunarfélaganna (Heimild: www.byggdastofnun.is). Skilgreiningin á vinnusóknarsvæði var samkvæmt þessu, svæði þar sem fólk sækir vinnu daglega. Þrátt fyrir einföld viðmið var greining á svæðunum ekki einhlít því mörk sumra samliggjandi vinnusóknarsvæða eru óskýr og sum svæði skarast.

Það liggur því ekki fyrir nákvæm skilgreining á hugtakinu vinnusóknarsvæði og í þessu verkefni var því ákveðið að styðjast við sömu skilgreiningu og notast var við í samskonar verkefni fyrir Austurland árið 2015. Vinnusóknarsvæðin voru skilgreind sem þau svæði þar sem 90% af íbúunum vinna. Reyndar var einnig ákveðið að fyrir þau 10% sem eftir standa að ef meira en helmingur þeirra ynni á einum stað myndi sá staður telja með í vinnusóknarsvæði. Þessi skilgreining er að sjálfsögðu opin til umræðu og breytinga.

Niðurstöður þessa verkefnis sýnir það að vinnusóknarsvæði Akraness og Selfoss virðist vera töluvert minna en kort Byggðastofnunar (sjá mynd 3-1), þar sem Akranes telst annarsvegar til vinnusóknarsvæðis númer 1 sem kallað er Borgarnes og spannar Borgarfjarðardali, Mýrar, Skipaskaga og höfuðborgarsvæðið. Hins vegar flokkast Akranes einnig til vinnusóknarsvæðis númer 30 sem kallast Höfuðborgarsvæðið sem nær yfir Höfuðborgarsvæðið og „Hvítá-Hvítá“ eða suðvestursvæði Íslands. Niðurstöður verkefnisins benda hins vegar í þá átt að vinnusóknarsvæði bæjarins sé eingöngu Akranes-Hvalfjarðarsveit og höfuðborgarsvæðið

Selfoss og Hveragerði flokkast til vinnusóknarsvæðis númer 28 austan frá Markarfljóti, norðan frá Haukadal og Laugarvatni og vestur til Þorlákshafnar, Voga og Hveragerði og til Reykjavíkur. Selfoss og Hveragerði tilheyra einnig vinnusóknarsvæði 30 „Hvítá-Hvítá“ líkt og Akranes. Niðurstöður verkefnisins fyrir Selfoss og Hveragerði sýna hins vegar töluvert minna vinnusóknarsvæði, eða eingöngu svæðið frá höfuðborginni að Selfossi.

Það skal tekið fram að þau vinnusóknarsvæði sem eru skilgreind hér miðast við stöðuna eins og hún er í dag, en ekki mögulegar framtíðarspár. Niðurstöðurnar sýna hins vegar skýrt að hafi fólk möguleikann á því, kýs það að vinna nálægt heimabyggð. Það má því velta fyrir sér hvort að framtíðarstefnan eigi að vera sú að reyna að stækka atvinnusvæði og fá fólk til að ferðast meira eða hvort að framtíðarstefnan eigi frekar að vera sú að reyna að styrkja fleiri byggðarsvæði.

Það er síðan eindregin ósk höfundar að þessar niðurstöður verði hvati fyrir ráðamenn til þess að gera gagnasöfnin um staðsetningu starfa á landsvísu mögulega í gegnum skattframtöl.

3 Bakgrunnur og forsaga

Árið 2007 var unnin skýrsla fyrir rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar sem heitir „Störf inn í umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins“ <http://www.vegagerdin.is>

Þar kemur fram að upplýsingar um starfafjölda á höfuðborgarsvæðinu (og landinu öllu) liggur ekki fyrir hjá Hagstofunni líkt og tíðkast erlendis.


Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að nálgast þessar upplýsingar eru aðferðir við skráningu upplýsinganna hjá Hagstofu og Ríkisskattstjóra, en skráningin er með þeim hætti að í öllum stærri fyrirtækjum eru allir starfsmenn eingöngu skráðir í höfuðstöðvum. Þetta þýðir t.d. að allir ríkisstarfsmenn eru skráðir með starfsstöð hjá Fjársýslu ríkisins í Sölvhólsögötu, sem gefur þar af leiðandi töluvert skakkar niðurstöður ef nota á starfaupplýsingarnar í samfélagsgreiningar. Skortur á þessum upplýsingum þýðir t.d. að við getum ekki svarað því til um hversu margir íbúar á Akranesi vinna á Akranesi og hversu margir vinna annars staðar.

Í skýrslunni frá 2007 var bent á leiðir til að breyta þessu og höfðu þeir aðilar sem rætt var við, Samgönguráðuneytið, Vegagerðin, Hagstofan og Ríkisskattstjóri öll áhuga og skilning á verkefninu en töldu hins vegar óljóst hver bæri ábyrgð á málaflokknum og þar af leiðandi hvaðan verkbeiðni og fjármagn ættu að koma. Vandamálið hefur enn ekki verið leyst og því ennþá vöntun á upplýsingunum. Samgönguráðuneytið, Bygðastofnun og Skipulagsstofnun hafa þó hafið samstarf með það að markmiði að hrinda söfnun upplýsinganna af stað.

Gera má ráð fyrir að nokkur ár munu líða í viðbót áður en upplýsingarnar liggja fyrir og er verkefnið hér því hugsað sem nokkurs konar grunnverkefni sem hægt er að nota niðurstöður úr bæði á meðan beðið er eftir fullum gagnaupplýsingum um starfafjölda og samhliða gögnunum þegar þau liggja fyrir.

Verkefnið snýr að því að rannsaka ferðamynstur íbúa á Akranesi og á Selfoss, með það að markmiði að skilgreina vinnusóknarsvæði. Í verkefnavinnunni bættust einnig við upplýsingar um Hveragerði og Eyrarbakka. Hugtakið vinnusóknarsvæði hefur verið notað frá því árið 2008 þegar kort yfir vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Íslandi var sett fram í samstarfi Bygðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Kortið var síðan uppfært árin 2011 og 2014 (heimild: www.byggdastofnun.is)

Verklagið við skilgreiningu á svæðunum var einfalt og byggt á staðarþekkingu og upplýsingaöflun starfsmanna atvinnuþróunarfélaganna. (sjá mynd 3-1)



Mynd 3-1 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014


Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 og Samgönguáætlun 2015-2018 er einnig unnið með hugtakið vinnusóknarsvæði og skilgreiningu á því þar sem vinnusóknarsvæði er skilgreint sem stærri þéttbýliskjarni og aðrir minni kjarnar í kring þar sem íbúar geta sótt vinnu til daglega. Samkvæmt þessum greiningum flokkast Akranes til annarsvegar vinnusóknarsvæðis númer 1 sem kallað er Borgarnes og spannar Borgarfjarðardali, Mýrar, Skipaskaga og höfuðborgarsvæðið. Hins vegar flokkast Akranes einnig til vinnusóknarsvæðis númer 30 sem kallast Höfuðborgarsvæðið sem nær yfir Höfuðborgarsvæðið og „Hvítá-Hvítá“ eða suðvestursvæði Íslands.

Selfoss og Hveragerði flokkast til vinnusóknarsvæðis númer 28, austan frá Markarfljóti, norðan frá Haukadal og Laugarvatni og vestur til Þorlákshafnar, Voga og Hveragerði og til Reykjavíkur. Selfoss og Hveragerði tilheyra einnig vinnusóknarsvæði 30 „Hvítá-Hvítá“ líkt og Akranes.

Þrátt fyrir einfaldar reglur til skilgreiningar á vinnusóknarsvæðum var samkvæmt Byggðastofnun greining á sumum svæðum hvorki einföld né einhlít því mörk sumra samliggjandi vinnusóknarsvæða eru óskýr, sum svæði skarast og sum staðar skarast jafnvel mörg vinnusóknarsvæði. Vegna skorts á gögnum hjá Hagstofu Íslands er því miður ekki hægt að komast að nákvæmri skilgreiningu á mörkum vinnusóknarsvæða eins og staðan er í dag.

4 Íbúafjöldi og atvinna

Í þessu verkefni var lagt upp með að safna gögnum fyrir nágrennbæi höfuðborgarsvæðisins, Akranes, Selfoss, Hveragerði og Reykjanesbæ til að reyna að fá hugmynd um það hvernig fólk er að ferðast til/frá vinnu á milli þessarra bæja og höfuðborgarsvæðisins. Fjárveiting til verkefnisins varð hins vegar minni en gert var ráð fyrir og var umfang verkefnisins því minnkað með því að sleppa Reykjanesbæ. Verkefnið inniheldur því gögn frá íbúum Akranes, Selfoss og Hveragerði ásamt gögnum frá fólki sem vinnur í þessum bæjarfélögum en býr annars staðar. Nokkur svör bárust einnig frá öðrum sveitarfélögum en áherslan í verkefninu er á Akranes, Selfoss og Hveragerði



Mynd 4-1 Verkefnasvæðið

Selfoss tilheyrir sveitarfélaginu Árborg en Hveragerði og Akranes eru hvor um sig sitt eigið sveitarfélag. Í töflum 4.1 og 4.2 má sjá íbúafjölda og hlutfall karla og kvenna 1.janúar 2017.

	Íbúafjöldi		
	Alls	Karlar	Konur
Akranes (pnr 300)	7.040	3.580	3.460
Akranes (pnr 301)	647	329	318
Selfoss (pnr 800)	7.144	3.607	3.537
Selfoss (pnr 801)	2.900	1.501	1.399
Hveragerði (pnr 810)	2.481	1.240	1.241
Samtals	20.212	10.257	9.955

Tafla 4-1 Íbúafjöldi

	Karlar	Konur
Akranes (pnr 300)	50,9%	49,1%
Akranes (pnr 301)	50,9%	49,1%
Selfoss (pnr 800)	50,5%	49,5%
Selfoss (pnr 801)	51,8%	48,2%
Hveragerði (pnr 810)	50,0%	50,0%
Samtals	50,7%	49,3%

Tafla 4-2 Íbúafjöldi og hlutfall karla og kvenna eftir bæjarkjörnum

Á landsvísu er hlutfall karla örlítið hærra en kvenna, eða 50,2% karlar á móti 49,8% konum og almennt er hlutfallið aðeins skakkara á landsbyggðinni konum í óhag. Hveragerði er eina bæjarfélagið í þessu verkefni sem er með jafnt kynjahlutfall, annars eru karlar í meirihluta alls staðar. Svo til einu svæðin á landinu þar sem konur eru fleiri en karlar er einmitt á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi. Í töflu 4.3 er hægt að sjá nánari skiptingu íbúa eftir aldursbilum

	Akranes (300)	Akranes (301)	Selfoss (800)	Selfoss (801)	Hveragerði (810)
Leikskólaaldur	611	53	553	185	188
Grunnskólaaldur	1.061	93	1.107	358	294
Framhaldsskólaaldur	413	24	414	151	130
Vinnandi (20-66 ára)	4.075	407	4.143	1.893	1.459
Eftirlaun (67-100 ára)	880	70	927	313	410
Samtals	7.040	647	7.144	2.900	2.481

Tafla 4-3 Íbúafjöldi skipt upp í aldursbil

Heildarfjöldi íbúa á vinnualdri 20-67 ár eru 11.977 og skiptast þannig að á Akranesi eru 4.482 en Selfossi og Hveragerði eru samanlagt 7.495.

5 Forsendur og framkvæmd


Framkvæmd verkefnisins fór þannig fram að byrjað var á að gera spurningalista sem var aðgengilegur til að svara á netinu í gegnum síðuna SurveyMonkey. Spurningar voru eftirfarandi (heildaruppsetningu spurningalistans má sjá í viðauka 1 og 2):

1. Kyn ?
2. Á hvaða aldri ert þú ?
3. Hvar er vinnustaður þinn ?
4. Hvar býrðu ?
5. Hvað er hæsta stig menntunar þinnar ?
6. Hefur þú möguleika í núverandi vinnu að vinna heima hjá þér ?
7. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til vinnu ?
8. Notar þú einhvern annan ferðamáta stundum til vinnu ?
9. Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu þinnar, hvað væri vinnan langt frá heimili þínu ?
10. Ef þér byðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í vinnu ?
11. Hversu aðlaðandi/fráhrindandi eru Fjallvegur/Heiði/Göng/Malbikaður vegur/Malarvegur ?
12. Hversu aðlaðandi/fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki ef þú þyrftir að ferðast um þau daglega?
13. Annað sem þú vilt koma á framfæri ?

Spurningar 1,2 og 5 eru bakgrunnsspurningar um kyn, aldur og menntun. Spurningar 3 og 4 eru meginþema verkefnisins þar sem spurt er annars vegar um vinnustað og hins vegar um búsetu. Spurningar 6 til 12 eru ýmsar viðbótarspurningar til að reyna að ná utan um ferðamáta fólks til vinnu og almennan vilja til að ferðast.


Gengið var í fyrirtæki á Akranesi, Selfossi og Hveragerði á sumar og haustmánuðum 2017 og því síðan fylgt eftir með símtölum til að reyna að fá sem flesta til að taka þátt. Ennfremur var spurningalistinn auglýstur á íbúasíðum á Facebook fyrir hvert bæjarfélag fyrir sig. Spurningalistinn er þannig gerður að eingöngu er hægt að svara honum einu sinni frá hverri tölvu (IP tölu) sem tryggir að erfiðara er að svindla eða eyðileggja niðurstöðurnar. Ennfremur voru flestar spurningar þannig stilltar að fólk varð að svara þeim til að geta sent niðurstöður inn.

Flest fyrirtæki tóku vel í þátttöku, en það að ganga í fyrirtæki er þó þeim annmörkum háð að flestir af þeim sem svara eru háskólamenntað fólk sem situr fyrir framan tölvu á daginn. Haft var samband við nokkur verkalýðsfélög til að kanna hvort þau gætu sent út á netfangalista félagsmanna og ná þannig meiri dreifingu í menntunarstigi þátttakenda. Það reyndist því miður ekki mögulegt.



Graf 5-1 Akranes - Menntunargráða þeirra sem svöruðu spurningalista (alls 372 svör)

Á Akranesi og í nágrenni svöruðu alls 372 aðilar spurningalista verkefnisins.



Graf 5-2 Selfoss og Hveragerði - Menntunargráða þeirra sem svöruðu spurningalista (alls 326svör)

Á Selfossi og í Hveragerði og í nágrenni svöruðu alls 326 aðilar spurningalista verkefnisins.

6 Niðurstöður – bakgrunnsupplýsingar


Eins og áður hefur komið fram eru spurningar 3 og 4 um annars vegar vinnustað og hins vegar búsetu meginþema þessa verkefnis og er nánar fjallað um þær niðurstöður í köflum 7 og 8.

Bakgrunnsupplýsingarnar úr hinum spurningum gerir það hins vegar að verkum að gagnasettið í heild sinni býður upp á töluverða möguleika á greiningum eftir t.d aldri, kyni, menntun og ferðamáta. Sem dæmi að þá væri hægt að skoða hvort ferðamynstrið er mismunandi fyrir konur og karla, ferðast karlar almennt lengra en konur? Sömuleiðis væri hægt að velta því fram hvort að fólk með hærri/minni menntun ferðist lengra, hvort at yngra fólk ferðist styttra osfrv.


Svigrúmið í þessu verkefni var ekki nógu mikið til að skoða öll þessi atriði en niðurstöðunum er engu að síður skipt niður eftir kyni til þess að skoða mun á ferðamynstri kynjanna. Sömuleiðis var skoðað samhengi milli menntunarstigs og vegalengdar til vinnu.

6.1 Kyn og aldur

Á Akranesi og í nágrenni svöruðu alls 372 aðilar spurningalistanum í heild sinni, þar af voru 152 karlar og 220 konur. Á Selfossi og í Hveragerði svöruðu alls 326 aðilar, þar af 94 karlar og 232 konur




Graf 6-1 Kyn þáttakenda á Akranesi (%)




Graf 6-2 Kyn þáttakenda á Selfossi og í Hveragerði (%)

Eins og sést á gröfum 6-1 og 6-2 eru konurnar mun duglegri að svara spurningalistum en karlarnir. Þar af leiðandi var ákveðið að greina allar niðurstöður eftir kynjum til að sjá hvort mikill munur væri á því hvernig svörin væru.

Flestir þeirra sem svöruðu voru á aldrinum 30-60 ára (sjá graf 6.3 og 6.4)




Graf 6-3 Akranes - Aldursdreifing svarenda, skipt eftir kyni.




Graf 6-4 Selfoss og Hveragerði - Aldursdreifing svarenda, skipt eftir kyni.

6.2 Menntun


Eins og áður hefur komið fram var gengið í fyrirtæki og hringt til að fá fólk til að svara spurningalistunum ásamt því að auglýsa spurningalistann á íbúasíðum á Facebook. Annmarkar við þá aðferð er sú að meirihluti svarenda er háskólamenntað fólk í skrifstofustörfum. Reynt var að ná til fólks í gegnum stéttarfélögin til að fá meiri dreifingu í menntunarstig þáttakenda en það gekk því miður ekki upp. Dreifing á menntunarstigi þáttakenda er því töluvert önnur en á landsvísi. Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands fyrir árið 2013 var hlutfall fólks á aldrinum 25-64 ára sem eingöngu höfðu lokið grunnenntun (styttra en framhaldsskóli og iðnskóli) 27,8%, hlutfall þeirra sem lokið höfðu framhaldsskólanámi eða iðnnámi 36,1% og hlutfall þeirra sem lokið höfðu háskólanámi voru 36%. Í íbúakönnun fyrir Vesturland sem unnin var af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og kom út í október 2017 kemur fram að hlutfall þeirra sem eingöngu eru með grunnskólapróf á Akranesi og í Hvalfirði er um 22% og hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólaprófi er um 30%. Þegar tölurnar úr þessu verkefni fyrir Akranes og Hvalfjarðarsveit eru teknar saman í sömu flokkum eru niðursöðurnar þar 14% sem hafa lokið grunnskólanámi, 38% hafa lokið framhaldsnámi eða iðnmenntun og 48% Háskólaprófi. Þáttakendur í þessu verkefni hafa því almennt töluvert hærri menntun en meðaltal á svæðinu virðist vera. Fyrir Selfoss og Hveragerði eru tölurnar 7% sem hafa lokið grunnskólanámi, 36% sem hafa lokið framhaldsnámi eða iðnmenntun og 57% sem hafa lokið háskólaprófi. Fyrir Selfoss og Hveragerði eru því enn fleiri þáttakendur með hærri menntunarstig. Nánari flokkun á menntunarstigi þáttakenda má sjá á gröfum 6.5 - 6.8




Graf 6-5 Menntunarstig þáttakenda á Akranesi



Graf 6-6 Menntunarstig þáttakenda á Selfossi og í Hveragerði



Graf 6-7 Menntun svarenda eftir kyni - Akranes.




Graf 6-8 Menntun svarenda eftir kyni – Selfoss og Hveragerði.

Þegar menntunarstig svarenda er skoðað eftir kynjum kemur í ljós að mun fleiri karlar eru með iðnmenntun en konur. Að sama skapi eru mun fleiri konur með háskólapróf en karlar.


6.3 Möguleiki á að vinna heima

Spurt var um möguleika fólks til að vinna heima hjá sér. Ástæðan fyrir þessu var til þess að halda möguleikanum opnum á að greina niðurstöður á ferðum fólks eftir því hvort það hefur möguleika á að vinna heima eða ekki. Því miður hefur ekki reynst tími í þessu verkefni til að vinna úr þeim niðurstöðum, en það er án vafa áhugavert að sjá þær niðurstöður. Vinnumarkaðir erlendis eru margir hverjir að færast í þá átt að bjóða fólki upp á nokkra heimavinnudaga í mánuði til þess að reyna að laða starfsfólk að sem býr lengra í burtu og er ekki ólíklegt að sú þróun eigi eftir að verða hérlendis líka.

Niðurstöður spurningarinnar sýna sömu niðurstöður og verkefni annars staðar á landinu, karlar virðast hafa meiri möguleika á að vinna heima hjá sér. Langstærstur hluti þeirra sem svöruðu spurningunum eða milli 60 og 70% hafa þó ekki möguleika á að vinna heima.



Graf 6-9 Möguleikar svarenda á að vinna að hluta til heima hjá sér skipt niður eftir kynjum - Akranes




Graf 6-10 Möguleikar svarenda á að vinna að hluta til heima hjá sér skipt niður eftir kynjum – Selfoss og Hveragerði


6.4 Ferðamáti

Spurt var um ferðamáta fólks, þ.e. hvaða ferðamáta það notaði oftast í vinnuna. Niðurstöður þessarar spurningar fyrir Akranes (graf 6.11.) sýnir að 74% karla nota bílinn daglega og 75% kvenna. 11% kvenna ganga til vinnu en 5% karla ganga, konurnar eru líka aðeins duglegri á hjólinu eða 10% á móti 7% karla. Hins vegar nota 14% karla strætó/rútu en eingöngu um 5% kvenna. Þessi stóri munur á notkun karla og kvenna á almenningsamgöngum skýrist mögulega að einhverju leiti af hópþílaakstri/skutlum á Grundartanga.

Niðurstöður fyrir Selfoss og Hveragerði (graf 6.12) sýnir að konurnar keyra meira þar eða 81% á móti 72% karla. Þar líkt og nær alls staðar annars staðar á landinu (utan höfuðborgarsvæðisins) eru karlar duglegri að nota strætó eða um 7% miðað við að einungis hálf prósent kvenna sagðist nota strætó. Karlarnir eru líka duglegri að hjóla eða 13% miðað við 7% kvenna. Á hinn bóginn ganga um 12% kvenna en eingöngu 7% karla. Niðurstöður út um allt land sýna reyndar að konur eru alls staðar duglegri að ganga en karlar.




Graf 6-11 Ferðamáti sem svarendur nota oftast til vinnu, skipt eftir kynjum - Akranes.



Graf 6-12 Ferðamáti sem svarendur nota oftast til vinnu, skipt eftir kynjum – Selfoss og Hveragerði.

Niðurstöður ferðamáta á Selfossi og Akranesi var einnig borinn saman við niðurstöður úr samskonar verkefnum fyrir Norðurland, norðanverða Vestfirði, Austurland og höfuðborgarsvæðið. Bílanotkun er hæst á höfuðborgarsvæðinu eða um 79%. Fast á hæla höfuðborgarsvæðisins kemur Selfoss með 78% og Akranes með 75% hlutdeild bíla. Áhugavert er að sjá að því lengra sem farið er frá höfuðborgarsvæðinu því minni verður hlutdeild bíla, Norðurland með 65%, Austurland 62% og Vestfirðir einnig 62%. (sjá Graf 6-13). Hlutfall gangandi er mjög hátt á Vestfjörðum eða um 30%, Austurland og Norðurland fylgja þar fast á eftir með 20% hlutdeild á meðan höfuðborgarsvæðið, Akranes og Selfoss eru á milli 7% og 11%. Reiðhjólnotkun er svipuð í öllum landshlutum eða á bilinu 6-9%. Áhugavert er að sjá strætónotkunina en þar skera Vestfirðir og Selfoss sig úr með eingöngu 1% og 2% notkun. Ástæðan fyrir því helgast mögulega af


slöku framboði almennt á almenningssamgöngum. En það er einnig áhugavert að sjá að lítill munur er á notkun strætó milli Norðurlands (9%) og höfuðborgarsvæðisins (7%) þó svo að strætó sé ókeypis á Akureyri. Austurlandið sker sig svo úr með strætónotkun (12%) aðallega sökum rútuaksturs til Alcoa.




Graf 6-13 Samanburður á ferðamáta fólks á milli landshluta.

Auk spurningar um val á ferðamáta oftast til vinnu, var einnig spurt hvort fólk notaði stundum aðra ferðamáta. Ástæðan fyrir þessari spurningu var til að reyna að fá hugmynd um hversu stór hluti svaranda virðist annars vegar hafa möguleika á að nota mismunandi ferðamáta og hins vegar hafa hugarfarið til að skipta af og til um ferðamáta. Niðurstöðurnar fyrir Akranes (graf 6.14) sýnir að 35% karla og 30% kvenna nota alltaf sama ferðamáta. Fyrir Selfoss og Hveragerði (graf 6.15) eru 45% karla og 31% kvenna sem nota alltaf sama ferðamáta.

Þannig eru um 55% - 70% svarenda sem nota stundum aðra ferðamáta.




Graf 6-14 Ferðamáti svarenda stundum til vinnu, skipt eftir kynjum - Akranes.




Graf 6-15 Ferðamáti svarenda stundum til vinnu, skipt eftir kynjum – Selfoss og Hveragerði.

6.5 Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu ?


Spurning 9 hljómaði þannig: "Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu, hvað væri hún langt frá heimili þínu" og valmöguleikarnir sem voru í boði voru frá 5 mínútum upp í 60+ mínútur fyrir ferðamátana bíl, strætó, reiðhjól og gangandi. Þessi spurning var lögð fyrir til að fá hugmynd um hverjar óskir fólks væri um fjarlægð til vinnu miðað við raunveruleikann sem það býr við í dag eða í raun að finna nokkurn veginn óskavegalengd þeirra til vinnu. Niðurstöðurnar fyrir þessa spurningu má sjá á gröfum 6.16-6.23




Graf 6-16 Fjarlægð frá vinnu í bíl ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu - Akranes.




Graf 6-17 Fjarlægð frá vinnu í bíl ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu – Selfoss og Hveragerði.




Graf 6-18 Fjarlægð frá vinnu í strætó ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu - Akranes.




Graf 6-19 Fjarlægð frá vinnu í strætó ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu – Selfoss og Hveragerði.




Graf 6-20 Fjarlægð frá vinnu með Reiðhjóli ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu – Akranes



Graf 6-21 Fjarlægð frá vinnu með Reiðhjóli ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu – Selfoss og Hveragerði



Graf 6-22 Fjarlægð frá vinnu gangandi, ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu - Akranes.




Graf 6-23 Fjarlægð frá vinnu gangandi, ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu – Selfoss og Hveragerði.


Niðurstöðurnar sýna skýrt að fólk kysi að hafa vinnuna nálægt heimilinu ef það fengi að ráða. Þegar litið er til einkabílsins eru rúm 50% sem svara að þau kysu að hafa vinnuna í innan við 10 mín akstursfjarlægð frá heimili. Fyrir aðra ferðamáta er fólk tilbúið að ferðast í aðeins lengri tíma eða í upp undir 20 mín, nokkrir ná upp í 30 mín en eftir 30 mín ferðatíma eru mjög fáir sem svara, jafnvel þó svo að um bíl sé að ræða.

6.6 Ef þér byðist draumastarfið ?


Spurning 10 hljómaði þannig "Ef þér byðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í vinnu" Valmöguleikarnir sem voru í boði voru frá 5 mínútum upp í 60+ mínútur fyrir ferðamátana bíl, strætó, reiðhjól og gangandi. Þessi spurning var sett upp sem nokkurs konar andstaða við spurningu 9 þar sem spurt var " ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu, hvað væri hún langt frá heimilinu". Með því að spyrja um draumastarfið er verið hér að reyna að fá út úr fólki hvað væri lengsti mögulegi ferðatími sem það geti hugsað sér að nota daglega til að komast til vinnu. Þessi spurning er vissulega þeim takmörkunum háð að draumastarfið er ansi breytilegt hugtak í huga flestra og meðan það getur verið eitthvað tiltölulega raunhæft starf hjá einum getur það hjá öðrum verið einhver óraunveruleiki. Engu að síður sýnir svörun við þessarri spurningu klárlega mynstur í þá átt að fólk er tilbúið að ferðast lengra til vinnu daglega í draumastarfið en ef það réði staðsetningu núverandi vinnu. Niðurstöðurnar fyrir alla ferðamátana má sjá á gröfum 6.24-6.31




Graf 6-24 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í bíl fyrir draumastarfið (Akranes).




Graf 6-25 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í bíl fyrir draumastarfið (Selfoss/Hveragerði).




Graf 6-26 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í strætó fyrir draumastarfið (Akranes)




Graf 6-27 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í strætó fyrir draumastarfið (Selfoss/Hveragerði)




Graf 6-28 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi með reiðhjóli fyrir draumastarfið (Akranes).



Graf 6-29 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi með reiðhjóli fyrir draumastarfið (Selfoss/Hveragerði).



Graf 6-30 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi gangandi fyrir draumastarfið (Akranes)



Graf 6-31 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi gangandi fyrir draumastarfið (Selfoss/Hveragerði)


Niðurstöðurnar hér sýna að fólk er klárlega viljugra til að ferðast lengra í draumastarfið, sérstaklega í bíl og Strætó en þá er töluverður fjöldi sem væri tilbúinn að nota 30-60 mín daglega til þess að elta draumastarfið. Þessar niðurstöður eru töluvert aðrar en niðurstöður fyrir verkefni sem unnin voru fyrir Norðurland, Austurland, Vesturland og höfuðborgarsvæðið en þar voru ennþá langflestir undir 30 mín. Spurning er hvort þetta helgist af því að fólk á Akranesi og Selfossi er vanara að ferðast í lengri tíma þar sem margir sækja vinnu yfir langan veg.

6.7 Vegir og tilfinningar


Síðustu spurningar könnunarinnar, spurningar 11 og 12 voru settar inn til að annars vegar reyna að fá huglægt mat þátttakanda almennt á nokkrum tegundum vega (malarvegur, malbik, fjallvegur, heiði, göng) og hins vegar að fá huglægt mat á ákveðnum vegköflum nálægt Akranesi annars vegar og nálægt Selfossi og Hveragerði hins vegar.

6.7.1 Almennt um tegundir vega


Í spurningu 11 var spurt um huglægt mat á mismunandi tegundum vega, malarvegur, malbik, fjallvegur, heiði og göng). Spurt var hversu aðlaðandi eða fráhrindandi fólki fyndist vegtegundirnar. Spurningar voru eins bæði fyrir fólk á Akranesi og fólk á Selfossi og í Hveragerði. Niðurstöðurnar má sjá á myndum 6.32-6.41 skipt niður eftir kynjum.




Graf 6-32 Malarvegur (Akranes)




Graf 6-33 Malarvegur (Selfoss/Hveragerði)




Graf 6-34 Malbikaður vegur (Akranes)



Graf 6-35 Malbikaður vegur (Selfoss/Hveragerði)




Graf 6-36 Heiði (Akranes)




Graf 6-37 Heiði (Selfoss/Hveragerði)


Athyglisvert er að sjá muninn á svörum um heiði eftir staðsetningu, þannig eru miklu fleiri á Akranesi sem svara því til að þeim finnst heiði mjög fráhrindandi miðað við svörin frá Selfossi og Hveragerði. Þarna spilar umhverfið að öllum líkindum inn í þar sem selfyssingar og hvergerðingar búa við Hellisheiði sem er tiltölulega greiðfær heiði á íslenskan mælikvarða. Akurnesingar eru hins vegar ekki með heiðar í næsta nágrenni.




Graf 6-38 Fjallvegur (Akranes)



Graf 6-39 Fjallvegur (Selfoss/Hveragerði)



Graf 6-40 Göng (Akranes)




Graf 6-41 Göng (Selfoss/Hveragerði)


Niðurstöðurnar eru nokkuð eindregið á þá vegu að fólki finnst almennt malbikaðir vegir meira aðlaðandi en malarvegir og göng almennt meira aðlaðandi en fjallvegir og heiði. Nokkur munur er á milli kynja og finnst konum fjallvegir, heiðar og malarvegir töluvert meira fráhrindandi en körlum.

6.7.2 Vegir við Akranes


Í lok spurningalistans var fólk á Akranesi spurt um skoðun á ákveðnum vegköflum við Akranes. Þeir vegir sem spurt var um voru Hvalfjarðargöng (1), Akrafjallsvegur (2), Kjalarnesvegur(3) og Hringvegur við Hafnarfjall(4).




Mynd 6-1 Vegkaflar sem svarendur af Akranesi var spurt álíts á.




Graf 6-42 Hvalfjarðargöng



Graf 6-43 Akrafjallsvegur



Graf 6-44 Kjalarnesvegur



Graf 6-45 Hringvegur við Hafnarfjall


Niðurstöður á gröfum 6.42-6.45 sýna skýrt Kjalarnesvegur og hringvegur við Hafnarfjall teljast vera fráhrindandi vegkaflar. Mest aðlaðandi vegkaflinn telst hins vegar vera Hvalfjarðargöng.

6.7.3 Vegir við Selfoss og Hveragerði


Fólk á Selfossi og í Hveragerði var spurt um skoðun á vefköflunum Hellisheiði (1), Suðurlandsvegur milli Selfoss og Hveragerðis (2), Suðurlandsvegur austan Selfoss(3), Biskupstungnabraut(4), Eyrarbakkevegur(5), Þorlákshafnarvegur(6), Þrengsli(7) og Ölfusárbrú(8).




Mynd 6-2 Vegkaflar sem svarendur á Selfossi og Hveragerði voru spurðir áhlts á.




Graf 6-46 Hellisheiði




Graf 6-47 Suðurlandsvegur milli Selfoss og Hveragerðis




Graf 6-48 Suðurlandsvegur austan við Selfoss




Graf 6-49 Biskupstungnabraut.




Graf 6-50 Eyrarbyggavegur.



Graf 6-51 Þorlákshafnarvegur.



Graf 6-52 Þrengsli



Graf 6-53 Ölfusárbrú.

Niðurstöður á gröfum 6.46-6.53 sýna að lítið er um að fólk svari að því finnst vegkaflar mjög fráhrindandi, sem er ólíkt niðurstöðum annars staðar af landinu þar sem iðullega er um einhvern vegkafla að ræða sem margir svarendur telja mjög fráhrindandi. Sléttlendi svæðisins spilar mögulega þarna inn í miðað við aðra landshluti þar sem meira er um torfærar heiðar og fjallvegi. Óvinsælustu vegkaflarnir eru engu að síður Hellsisheiði og Þrengsli

6.8 Annað - athugasemdir

Í lok spurningalistans var þáttakendum boðið upp á að skrifa almennar athugasemdir. Töluvert margir nýttu sér þann valmöguleika og komu þó nokkur áhugaverð innlegg sem skoða má í listunum hér fyrir neðan. Reynt hefur verið að flokka athugasemdirnar eftir efnisatriðum.

6.8.1 Akranes

KJALARNESVEGUR
Það er kominn tími á að tvöfalda kjalarnes
Laga kjalarnesveg og setja sundabraut í gang
Það er kominn tími á að breikka Vesturlandsveg og hafa 2 akreinar báðum megin, mjög mikil umferð
Leggja áherslu á að laga Vesturlandsveginn (Kjalarnesveginn). Orðinn stórhættuleg leið, umferðin þar hefur aukist gríðarlega síðustu ár, djúp hjólför komin í malbikið og bara stórhættulegur vegur. Bráðnauðsynlegt að stækka hann, gera hann tvíbreiðan og bæta lýsingu!!!
Tvöfaldur Kjalarnesvegur mjög heillandi
Tvöfalda veginn um Kjalarnes og laga
Tvöföldun Kjalarnes
Kjalarnesið er orðið að stórhættulegum vegarkafli og krefst lagfæringar strax
Úrbætur á Kjalarnesi er lykilatriði. Stórhættulegur kafli!
Kjalarnesið er að verða dauðagilda....
Löngu orðið tímabært að tvöfalda Kjalarnesið. Allt of mikil og hæg umferð
Kjalarnesið verður að fara laga ??
Draga þarf úr kostnað à milli Akranes og Reykjavík og bæta veg à Kjalarnesi
Hræðist lélegan veg á Kjalarnesi og þori því ekki að sækja draumavinnu til Rvk :(
Ef samgöngur batna ekki, þeas breikkun þjóðvegs frá Mosfellsbæ að göngum og/eða möguleg Sundabraut þá íhugar maður að flytja í bæinn ef maður hefur ekki vinnu sem heldur manni a Ákranesi
AKRAFJALLSVEGUR
Akrafjallsvegur = hólar og hæðir Kjalarnesvegur = umferðarteppa
Þegar ég keyrði á milli 300 og 105 í vinnu þá var það ástand Akrafjallsvegs sem oftast hræddi mig.

SUNDABRAUT
Myndi vilja sjá aukna baráttu fyrir Sundabraut
Vegurinn milli Akranes og Reykjavíkur þarf að vera betri, nauðsynleg er að hefjast handa við Sundabraut
Það er mjög mikilvægt að byrjað verði á Sundabrautinni ekki seinna en í gær og fjármagna þá framkvæmd með vegtollum
Það þarf að bæta leiðir inn í Reykjavík - Sundabraut etc.
Sundabraut myndi breyta öllu fyrir mig til að komast til og frá vinnu.
Ókeypis í göngin og tvöfalda vesturlandsveginn og fá sundabraut þá erum við í góðum málum ??
Sundabraut
Óska eftir Sundabraut
STRÆTÓ OG HJÓL
Bærinn á að gera almenningsamgöngur betri til Reykjavíkur, fólk sem tekur strætó á ekki að þurfa lenda í því bulli sem oft er boðið upp á. Þetta á að taka max 60mín hvora leið.
Strætóferðir mættu vera örari um helgar og kvöldin
Ég væri til í hjólastíg
GJALDSKYLDA
gjaldskylda er fáránleg
Það er dýrt að fara gaungin á hverjum degi
Gjaldtaka í göngin eru fráhrindandi og tekjuskerðing við okkur sem störfum á höfuðborgarsvæðinu.
Eina sem ég er á móti er gjaldheimta á vegum landsins þar á meðal Hvalfjarðargöng
Það er ekki réttlátt að skattlegja þá sem búa utan Reykjavíkur fyrir ferðir til og frá vinnu
Frítt í hvalfjarðargöng - jafnrétti fyrir alla landsmenn
Væri auðveldara að vinna í bænum ef ekki þyrfti að borga í Hvalfjarðargöng.
Gjaldfrí í hvalfjarðargöngin eða betri samgöngur á milli reykjavík og Akranesi
Í spurningu 11 og 12 er spurt um hvernig mér líst á meðal annars að keyra (Hvalfjarðarsveit)göng(in). Það er ekkert mál að keyra göngin en, jafnvel þótt það kosti mig ekki nema um 600 KR. fram og til baka. Þá er það fljótt að safnast saman auk bensínkostnaðar. Einnig var spurt í spurningu 11 hvernig mér þætti að keyra malarvegi. Það væri ekkert mál fyrir mig ef ég ætti jeppa. En ég er á smábíl og keyri bara slétta malarvegi.

ALMENNT
Vegalengd frá vinnustað skiptir mig máli núna þar sem ég er með barn á skólaaldri en yrði minna mál eftir nokkur ár.
Vildi bara óska þessa að mín starfsgrein væri í boði á Akranesi svo ég gæti unnið þar og sleppt því að keyra svona langa vegalengt til vinnu.
Ég er sjómaður þið spyrjið ekkert um hafnir landsinns sem grotna.....
Spurning 12 ekki nægilega markviss, hver er tilgangur hennar við hvert samgöngumannvirki? Viðhald, hálkuvarnir, gjöld, umhverfi, ánægja, viðhorf ?
Ekið 18 ár til vinnu Akranes-Reykjavík
svarið við spurningu 9 bara því stóriðja á að vera sem lengst frá mannabyggð!
Þyrfti ekki að greina á milli þeirra sem fara Hvalfjarðargöng daglega og hinna? Ég fer t.d. Hvalfjarðargöngin 4x-5x í viku, þau eru mjög aðlaðandi miðað við Hvalfjörðinn.. En ein og sér úr samhengi lítið aðlaðandi..
Vegir þurfa viðhald og eru ekki alltaf jafngóðir eftir veðurfari.
Ekki er einu orði minnst á ferjuna Akranes. Nota hana mikið

6.8.2 Selfoss og Hveragerði

SUÐURLANDSVEGUR
2+2 alla leið milli selfoss og Reykjavík
Ég keyri suðurlandsveg milli Selfoss og Hveragerðis alla virka daga. Vegurinn er mjög fráhrindandi og mjög hættulegur. Ég er ánægð í vinnu og læt mig þess vegna hafa það að keyra þennan veg en tel mikla þörf á tvöföldun og vegaframkvæmdum en það mundi breyta öllu og er löngu orðið tímabært.
Kominn tími á tvöföldun milli Hveragerði og Selfoss
Hellisheiðina í stokk !
Suðurlandsvegur meðfram rauðavatni að Vesturlandsvegi er mjög hættulegur. Einnig þarf að tvöfalda Breiðholtsbraut frá Vatnsendahvarfi að Suðurlandsvegi (við Rauðavatn).
HJÓLREIÐAR
Mikið óskaplega væri FRÁBÆRT að fá malbikaðan og upplýstan hjólastíg á milli Selfoss og Hveragerðis. Hann yrði VEL nýttur
Það þarf að bæta samgöngumannvirki fyrir hjólandi umferð, t.d. með hjólastígum á Suðurlandsvegi milli Hveragerðis og Selfoss og yfir Hellisheiðina og víðar.
Það vantar reiðhjólastíga milli þéttbýliskjarna í Árnessýslu
Varðandi spurningu 12, flest allir þessir vegir eru hættulegir. Það er hvergi gert ráð fyrir hjólandi/gangandi fóki. Það ætti að vera skylda að hafa hjólastíga meðfram þjóðvegum landsins því sem betur fer þá hefur áhugi á þeim ferðamáta aukist en maður er í lífshættu þegar maður hjólar með þjóðveginum. Kippa því í liðin með nýjum vegi milli Selfoss og Hveragerðis t.d.. Skil ekki hversvegna það var ekki gert samhliða framkvæmdum á Hellisheiðinni, skammsýni, ekkert annað!
Er mikið ánægður með hjólastíga/göngustíga í þessu fína sveitarfélagi.
myndi vilja betra skjól á göngu- og hjólastíga t.d. með trjágöngum.
Mjög mikilvægt að fá hjólastíg frá Selfossi að Eyrabakka og Stokkseyri. Vil hjóla oft til vinnu en aðstæður draga úr manni, mikil umferð, mikill hraði og enginn kanntur.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR
Almenningssamgöngur Strætó milli Hvolsvallar og Selfoss eru allt of dýrar og ekki valkostur, þarf að breyta
Strætó er fáránlegur eins og hann er í dag. Ekki fyrir nærsveitafélögin.
Ef strætó væri með betra leiðarkerfi milli Þorlákshafnar og Selfoss myndi ég nota hann í stað einkabíls
Mætti vera ódýrara í strætó
Mér finnst þjónusta Strætó ómissandi og vona að hún sé komin til að vera.
Það eru mikil vonbrigði hvernig Strætó og SASS hefur staðið að strætóferðum á svæðinu. Það borgar sig ekki að taka strætó nema skuldbinda sig stóran hluta ársins, sem hentar mér persónulega t.d. alls ekki því mikinn hluta tímans væri ég ekki að nýta ferðirnar. Sömuleiðis er ekkert samræmi milli ferða innan Rvk og stætóferða af svæðinu svo maður getur þurft að mæta á áfangastað allt upp í 2 klst fyrir áætlaðann tíma (t.d. í Háskólann).
Almenningssamgöngur/tenging við atvinnulífið í Reykjavík er mjög slæmt. Tengingin við Mjódd er mjög fráhrindandi. Kostnaður við almenningssamgöngur er líka alltof hár. Borgar sig engan veginn að sleppa bílnum.
Mundi vilja nota strætó til og frá vinnu en það er engan veginn hægt vegna tímasetningar strætóferða og vinnutímans míns sem er ekki hægt að breyta.
VEGGJÖLD
Ég hefði viljað sjá spurningu um hugmyndir um fyrirhugað upptöku á veggjaldi um suðurlandsveg við Selfoss
Andvíg veggjöldum
ÖLFUSÁRBRÚ OG ÞJÓÐVEGUR 1 INNAN SELF OSS
Þjóðvegur 1 þarf að komast út úr Selfossbæ hið snarasta
Ölfusárbrú óþolandi farartálmi á sumrin þegar bílaröðin nær upp að hringtorgi, þegar fljótt þarf að komast í vinnu
Glatað að hafa þjóðveg í gegnum bæinn
Veg no 1 burt frá Selfossi nýja brú sem fyrst og tvöföldun vegar beggja megin frá Hveragerði á Self. og tvöfölda veginn að Þjórásarbrú
Ölfusárbrú er löngu orðin óþægilega lítil og vegir í kringum Selfoss eru því miður oft gerðir full mjóir og með brattar axlir, sem er mjög óþægilegt ef eitthvað er að færð eða umferð.
Koma þjóðveginum útúr Selfossi sem fyrst. Koma á götuljósum á gatnamótum Austurvegar og Tryggvagötu. Breykka Austurveg. Það er mjög óaðlaðandi að þurfa að sækja þjónustu við Austurveg á álagstímum.
Flýta þarf byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá

ALMENNT
Í spurningu 11 og 12 finnst mér skipta miklu máli hvort árstíðin sé vetur eða sumar. Yfir sumartímenn finnst mér t.d. hellisheiðin aðlaðandi en mjög fráhrindandi yfir vetrarmánuðina.
Þröngir vegir og mikil víravirki eru dapurleg.
Framkvæmdir á Hellisheiði eru ekki hannaðar með tilliti til aukinnar umferðar og þegar snjóþyngsli eru mikil. Lagfæringar á veginum sem áttu sér stað í sumar og núna í haust eru ágætar þar sem það var malbikað en það er ömurlegt að sjá að ekki skuli vera búið að klára þær lagfæringar sem ráðist var í. Keilur út miðjum þjóðvegi 1. í meira en viku þar sem það vantaði smá malbiksút til að klára smá gat etc. Vegagerðin þarf virkilega að bæta sig í þessum efnum. Einnig er hræðilegt að horfa upp á snjóplóga skrapa upp nýlegt malbik á veturnar þegar það er rétt verið að "kanthreinsa" smá föl með meira en 3ja metra breiðri tönn. Það hlýtur að vera sparnaður í því að kaupa handhægari tæki sem spæna ekki svona upp malbikið og skilja eftir sig göt og holur sem minna á Ódáðahraun.
Ekki boðið uppá möguleika um að maður fari ekki beint til vinnu að heiman á morgnana. T.d. færi ég gangandi ef ég færi beint að heiman en ég þarf að koma við á leikskóla með börnin og fer því akandi
Samgöngukerfið er til háborinnar skammar fyrir sveitafélagið
Vil bara helst vinna í bænum þar sem ég bý
Árborg þarf að borga meiri laun og/eða lækka kostnað við að búa þar svo ég geti hugsað mér að vinna á svæðinu.

7 Ferðamynstur

Megintilgangur verkefnisins voru spurningar um búsetu og starfsstöð fólks, til að fá hugmynd um ferðamynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði.

Til þess að gæta að persónuvernd fór úrvinnsla niðurstaðna þannig fram að svörum var safnað í póstnúmer. Póstnúmer fyrir Akranes, Selfoss og Hveragerði skiptast á eftirfarandi hátt:

Póstnúmer 300 – Akranes

Póstnúmer 301 – Hvalfjarðarsveit (Grundartangi)


Póstnúmer 800 – Selfoss

Póstnúmer 801 – Selfoss dreifbýli

Póstnúmer 810 – Hveragerði

Orðið ferðamynstur vísar til þess hversu langt fólk ferðast á milli heimilis og vinnustaðar og er í raun hægt að skipta í tvö undirheiti - vinnusóknarmynstur og búsetumynstur. Vinnusóknarmynstur er þannig mynstur fyrir hvar fólk vinnur miðað við staðsetningu heimilis, t.d hvernig lítur vinnusóknarmynstur út fyrir þá sem búa á Akranesi. Búsetumynstur er hins vegar í hina áttina þeas. mynstur fyrir hvar fólk býr miðað við vinnustað, t.d hvernig lítur búsetumynstur út fyrir starfsfólk Norðuráls.

Í þessu verkefni voru alls 326 aðilar sem svöruðu spurningalistanum á Suðurlandi (Selfoss og Hveragerði) og 372 aðilar sem svöruðu spurningalistanum á Akranesi. Auk þess fengust gögn beint frá Norðuráli með upplýsingum um búsetu starfsfólks Norðuráls, alls 716 manns og er gerð grein fyrir þeim niðurstöðum sérstaklega í kafla 7.3.



Mynd 7-1 Póstnúmerakipting á Akranesi.



Mynd 7-2 Pósthúmer fyrir Selfoss og Hveragerði

7.1 Akranes og Hvalfjarðarsveit – Vinnusóknarmynstur

Vinnusóknarmynstur fyrir Akranes sýnir hvar íbúar Akraness og Hvalfjarðarsveitar vinna. Alls voru 372 aðilar sem svöruðu spurningalista verkefnisins og skiptist búseta þeirra samkvæmt Tafla 7-1

Póstnúmer	Fjöldi þáttakenda
300	365
301	5
Annað	2

Tafla 7-1 Fjöldi þáttakenda sem svöruðu spurningalista fyrir Akranes og Hvalfjarðarsveit

Í töflum 7.2 til 7.5 er tekið saman yfirlit yfir vinnusóknarmynstur þeirra sem búa í pósthúmerum 300 og 301 skipt niður eftir kynjum. Það skal þó tekið fram að eingöngu fimm aðilar svöruðu sem búa í pósthúmeri 301 og úrtak því mjög lítið.

Hvar vinna þeir sem búa í pósthúmeri 300 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
300	49	124	173
301	22	10	32
310	0	2	2
Höfuðborgarsvæðið	75	80	155
Erlendis	2	0	2
Annað	0	1	1
Samtals	148	217	365

Tafla 7-2 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í pósthúmeri 300

Hvar vinna þeir sem búa í pósthúmeri 300 ? (%)			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
300	33%	57%	47,4%
301	15%	5%	8,8%
310	0%	1%	0,5%
Höfuðborgarsvæðið	51%	37%	42,5%
Erlendis	1%	0%	0,5%
Annað	0%	0%	0,3%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 7-3 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í pósthúmeri 300 (%)

Af niðurstöðunum má sjá að tölur munur er á vinnusókn karla og kvenna, þannig eru 33% karla sem svara sem vinna á Akranesi en 51% á höfuðborgarsvæðinu. Þetta snýst hins vegar nærri alveg við hjá konunum þar sem 57% segjast vinna á Akranesi en 37% á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og úr verkefnum fyrir Norðurland, Austurland og Vestfirði þar sem kom skýrt í ljós að konurnar virðast halda sig nær heimilinu og karlarnir virðast frekar ferðast lengri vegalengdir til vinnu.

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 301 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
300	0	1	1
301	0	2	2
Höfuðborgarsvæðið	2	0	2
Samtals	2	3	5


Tafla 7-4 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 301. Ath úrtak eingöngu fimm aðilar

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 301 ? (%)			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
300	0%	33%	20%
301	0%	67%	40%
Höfuðborgarsvæðið	100%	0%	40%
Samtals	100%	100%	100%


Tafla 7-5 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 301 - %. Ath úrtak eingöngu fimm aðilar

Á myndum 7.3 og 7.4 eru vinnusóknarmynstur Akraness og Hvalfjarðarsveitar sýnd grafískt. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á kyn þar sem þáttaka kynjanna í verkefninu var töluvert ójöfn. Sömuleiðis er eingöngu sýnt mynstur fyrir svæði þar sem 90% íbúa sækja vinnu daglega og einnig ef meira en helmingur þeirra 10% sem út af standa sækja vinnu á sama stað. Fyrir póstnúmer 300 á mynd 7.3 eru því eingöngu sýndar þær niðurstöður að 48% vinna í póstnúmeri 300, 42% á höfuðborgarsvæðinu og 9% vinna í póstnúmeri 301, en ekki fyrir 1% sem út af standa og dreifast á póstnúmer 310 (Borgarnes), erlendis og annað.

Þetta þýðir að Akranes (300 og 301) ásamt höfuðborgarsvæðinu telst vera vinnusvæði fyrir íbúa sem búa í póstnúmeri 300. Þessi skilgreining, að miða við 90% af íbúum, kemur frá samskonar verkefnum sem unnin hafa verið fyrir Mið-Austurland, Vestfirði og Norðurland á árunum 2015 og 2016. Við vinnslu þeirra verkefna vaknaði upp spurningin um það hvernig vinnusóknarsvæði eru skilgreint og við hvaða íbúafjölda þau miðast. Á t.d að telja Borgarnes sem vinnusóknarsvæði Akraness út af því að 0,5% af þáttakendum verkefnisins sem búa á Akranesi sækir vinnu þangað? Flestir myndu sennilega svara því neitandi. Stóra spurningin var því við hvaða mörk ætti að draga línuna og úr varð að miða við svæði þar sem 90% íbúa sækir vinnu til daglega. Ennfremur var ákveðið að fyrir þau 10% sem eftir standa, að ef meira en helmingur þeirra ynni á einum stað myndi sá staður einnig telja með.




Mynd 7-3 Akranes – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í póstinúmeri 300



Mynd 7-4 Hvalfjarðarsveit – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í pósnúmeri 301 (lítið úrtak)

Helstu niðurstöður vinnusóknarmynstra fyrir Akranes eru þær að um helmingur þáttakenda er að ferðast innan bæjarkjarnans (47%) og 9% sækja vinnu á Grundartanga. Það sem kemur helst á óvart er hversu stórt hlutfall þáttakenda sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið eða 42%. Árið 2017 unnu Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi íbúakönnun þar sem niðurstöður sýna að eingöngu um 9-15% íbúa sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið. Þessi mikli munur á niðurstöðum hefur sjálfsagt ýmsar skýringar en sú helsta er að úrtak þessa verkefnis er ekki jafndreift eftir aldri, búsetu og menntun heldur í raun meiri stikkprufa. Það að ganga í fyrirtæki er einnig þeim annmörkum háð að flestir af þeim sem svara eru háskólamenntað fólk sem situr fyrir framan tölvu á daginn, enda er menntunarstig þáttakenda töluvert hærra en almennt er á svæðinu.

Tekið var saman staðsetning starfa eftir menntunarstigi þáttakenda (Graf 7-1 Samantekt á staðsetningu starfa eftir menntunarstig (Akranes og höfuðborgarsvæðið) þar sem kemur nokkuð skýrt fram að fólk með hærri menntun virðist vera tilbúið að ferðast lengra til að sækja vinnu.



Graf 7-1 Samantekt á staðsetningu starfa eftir menntunarstig (Akranes og höfuðborgarsvæðið)

Niðurstöðurnar sýna að rúmlega 70% Akurnesinga sem eru með grunnskólapróf vinna á Akranesi en um 25% vinna á höfuðborgarsvæðinu. Akurnesingar sem eru með háskólagráðu skiptast hins vegar þannig að um 40-50% vinna á Akranesi á meðan 50-60% vinna á höfuðborgarsvæðinu.

7.2 Akranes – Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Akranes sýnir hvar fólk sem vinnur á Akranesi býr. Af 365 þáttakendum í verkefninu voru 175 sem vinna á Akranesi (pnr 300)

Í töflum 7.6 og 7.7 er tekið saman yfirlit yfir búsetumynstur þeirra sem vinna í póstnúmeri 300 skipt niður eftir kynjum.

Hvar búa þeir sem vinna í pósthúnum 300 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
300	49	124	173
301	0	1	1
310	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	1	0	1
Erlendis	0	0	0
Annað	0	0	0
Samtals	50	125	175

Tafla 7-6 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í pósthúnum 300

Hvar búa þeir sem vinna í pósthúnum 300 ? (%)			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
300	98%	99%	98,9%
301	0%	1%	0,6%
310	0%	0%	0,0%
Höfuðborgarsvæðið	2%	0%	0,6%
Erlendis	0%	0%	0,0%
Annað	0%	0%	0,0%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 7-7 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í pósthúnum 300 (%)

Á mynd 7.6 eru búsetumynstur Akraness sýnt grafískt. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á kyn þar sem þáttaka kynjanna í verkefninu var töluvert ójöfn. Eins og útskýrt hefur verið áður er hér eingöngu sýnt mynstur fyrir svæði þar sem 90% íbúa sækja vinnu daglega og fyrir stök svæði sem eru stærri en 5%. Búsetumynstur Akraness er mjög einfalt þar sem 99% af þáttakendum sem vinna á Akranesi búa einnig á Akranesi



Mynd 7-5 Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í póstnúmeri 300

Niðurstöðurnar eru mjög afgerandi þar sem nær allir þeir sem vinna á Akranesi búa einnig á Akranesi. Það þýðir að Akranes er með nettó útstreymi af vinnandi fólki. Höfuðborgarsvæðið er þannig vinnusóknarsvæði fyrir Akranes en það lítur út fyrir að Akranes teljist ekki vinnusóknarsvæði fyrir höfuðborgarsvæðið.

7.3 Hvalfjarðarsveit (Norðurál) – Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Hvalfjarðarsveit er tekið hér sérstaklega fyrir þar sem fyrirtækið Norðurál aðstoðaði við gerð verkefnisins með því að láta af hendi upplýsingar um búsetu starfsmanna eftir póstnúmerum. Alls voru þetta upplýsingar um 716 starfsmenn sem vinna hjá Norðuráli. Þessir 716 aðilar svöruðu hins vegar ekki spurningalistanum.

Í töflum 7.6 og 7.7 er tekið saman yfirlit yfir búsetumynstur þeirra sem vinna í póstnúmeri 300 skipt niður eftir kynjum.


Hvar búa þeir sem vinna í póstnúmeri 301 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
300	306	84	390
301	28	11	39
Borgarnes, Reykholt, Búðardalur	43	7	50
Vestfirðir	4	0	4
Höfuðborgarsvæðið	180	39	219
Suðurnes og Suðurland	4	3	7
Norðurland	5	2	7
Samtals	570	146	716

Tafla 7-8 Yfirlit yfir hvar folk býr sem vinnur í póstnúmeri 301 (Norðurál)

Hvar búa þeir sem vinna í póstnúmeri 301 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
300	54%	58%	54%
301	5%	8%	5%
Borgarnes, Reykholt, Búðardalur	8%	5%	7%
Vestfirðir	1%	0%	1%
Höfuðborgarsvæðið	32%	27%	31%
Suðurnes og Suðurland	1%	2%	1%
Norðurland	1%	1%	1%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 7-9 Yfirlit yfir hvar folk býr sem vinnur í póstnúmeri 301 % (Norðurál)

Á Mynd 7-6 má sjá grafískt búsetumynstur fyrir Norðurál. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á. Sömuleiðis er eingöngu sýnt mynstur fyrir svæði þar sem 90% íbúa sækja vinnu daglega og einnig ef meira en helmingur þeirra 10% sem út af standa sækja vinnu á sama stað. Fyrir póstnúmer 301 eru því eingöngu sýndar þær niðurstöður að 54% búa í póstnúmeri 300, 31% á höfuðborgarsvæðinu, 7% í Borgarnesi, Búðardal og nágrenni og 5% búa í Hvalfjarðarsveit. Ekki eru sýndar niðurstöður fyrir þau 3% sem út af standa og dreifast um stóran hluta landsins. Það vekur athygli að nokkrir aðilar sem vinna hjá Norðuráli eru búsettir á Vestfjörðum og Norðurlandi sem er nokkur hundruð kílómetra í burtu.



Mynd 7-6 Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna hjá Norðuráli – póstnúmer 301

Búsetumynstur fyrir Norðurál sýnir skýrt að starfsmenn fyrirtækisins koma mjög víða að.

7.4 Selfoss – Vinnusóknarmynstur

Vinnusóknarmynstur fyrir Selfoss sýnir hvar íbúar Selfoss vinna. Alls voru 326 þátttakendur sem svöruðu spurningalista verkefnisins og skiptast þeir niður á eftirfarandi póstnúmer:

Póstnúmer	Fjöldi þáttakenda
Selfoss – 800/801	229
Hveragerði - 810	73
Eyrarbakki - 820	10
Stokkseyri - 825	3
Ölfus - 816	3
Annað	5

Tafla 7-10 Fjöldi þáttakenda sem svöruðu spurningalista fyrir Selfoss, Hveragerði og nágrenni

Í töflum 7.11 og 7.12 er tekið saman yfirlit yfir vinnusóknarmynstur þeirra sem búa í póstnúmerum 800 og 801 skipt niður eftir kynjum. Það skal tekið fram að langstærstur hluti þáttakenda býr í póstnúmeri 800, eingöngu 7 aðilar búa í póstnúmeri 801.

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 800,801 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	30	124	154
Hveragerði 810	7	10	17
Eyrarbakki 820	4	4	8
Stokkseyri 825	1	0	1
Suðurland	1	2	3
Höfuðborgarsvæðið	20	22	42
Annað	4	0	4
Samtals	67	162	229


Tafla 7-11 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 800 og 801

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 800,801 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	45%	77%	67%
Hveragerði 810	10%	6%	7%
Eyrarbakki 820	6%	2%	4%
Stokkseyri 825	1%	0%	1%
Suðurland	1%	1%	1%
Höfuðborgarsvæðið	30%	14%	18%
Annað	6%	0%	2%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 7-12 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 800 og 801 (%)

Á myndum 7.9 og 7.10 eru vinnusóknarmynstur þáttakenda sem búa á Selfossi sýnd grafískt. Áfram er beitt þeirri skilgreiningu að eingöngu er sýnt mynstur fyrir svæði þar sem 90% íbúa sækja vinnu daglega. Ef að helmingur af þeim 10% sem út af standa vinna á einum ákveðnum stað er sá staður einnig talinn með.


Niðurstöður fyrir íbúa á Selfossi sýna að 67% af þeim vinna einnig á Selfossi, 18% vinna á höfuðborgarsvæðinu og 7% vinna í Hveragerði. Þau 8% sem út af standa dreifast á aðra staði.



Mynd 7-7 Selfoss – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í pósthúsi 800 og 801

Helstu niðurstöður vinnusóknarmynstra fyrir Selfoss eru þær að um tveir þriðju hluti þátttakenda er að ferðast innan bæjarkjarnans (67%), 7% sækja vinnu í Hveragerði og 18% á höfuðborgarsvæðið. Engar aðrar skýrslur eða greinar fundust sem gátu gefið upplýsingar um fjölda íbúa Selfoss sem vinna á höfuðborgarsvæðinu.

Þar sem margir þátttakendur voru með háskólamenntun var áhugavert að skoða hvort að munur væri á því hvar fólk sækir vinnu eftir menntunarstigi. Tekið var saman staðsetning starfa eftir menntunarstigi þátttakenda sem búa á Selfossi (Graf 7-2). Líkt og niðurstöður fyrir Akranes kemur Graf 7-1 Samantekt á staðsetningu starfa eftir menntunarstig (Akranes og höfuðborgarsvæðið) nokkuð skýrt fram að fólk með hærri menntun virðist vera tilbúið að ferðast lengra til að sækja vinnu.



Graf 7-2 Samantekt á staðsetningu starfa eftir menntunarstigi, Selfoss, Hveragerði og höfuðborgarsvæðið

Niðurstöður sýna að rúmlega 80% Selfyssinga sem eru með grunnskólapróf vinna einnig á Selfossi en rúmlega 10% vinna á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar eru um 60-70% háskólamenntaðra Selfyssinga sem vinna á Selfossi en tæplega 20-30% sem vinna á höfuðborgarsvæðinu.

7.5 Hveragerði – Vinnusóknarmynstur

Vinnusóknarmynstur fyrir Hveragerði sýnir hvar íbúar Hveragerðis vinna. Alls voru 73 þátttakendur sem búa í Hveragerði

Í töflum 7.13 og 7.14 er tekið saman yfirlit yfir vinnusóknarmynstur þeirra sem búa í pósthúnum 810.


Hvar vinna þeir sem búa í pósthúnum 810 ?			
Pósthúnum	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	6	12	18
Hveragerði 810	6	24	30
Höfuðborgarsvæðið	11	13	24
Annað		1	1
Samtals	23	50	73

Tafla 7-13 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í pósthúnum 810

Hvar vinna þeir sem búa í pósthúnum 810 ?			
Pósthúnum	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	26%	24%	25%
Hveragerði 810	26%	48%	41%
Höfuðborgarsvæðið	48%	26%	33%
Annað	0%	2%	1%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 7-14 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í pósthúnum 810 (%)

Á myndum 7.8 er vinnusóknarmynstur þátttakenda sem búa í Hveragerði sýnd grafískt. Áfram er beitt þeirri skilgreiningu að eingöngu er sýnt mynstur fyrir svæði þar sem 90% íbúa sækja vinnu daglega. Ef að helmingur af þeim 10% sem út af standa vinna á einum ákveðnum stað er sá staður einnig talinn með. Niðurstöður fyrir íbúa í Hveragerði sýna að 41% af þeim vinna einnig í Hveragerði, 33% vinna á höfuðborgarsvæðinu og 25% vinna á Selfossi. Það 1% sem út af standa dreifist á aðra staði.



Mynd 7-8 Hveragerði – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í póstnúmeri 810

Niðurstöður fyrir Hveragerði sýna að þáttakendur sækja vinnu nærri til jafns á Selfossi og á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur eru einungis 41% íbúa í Hveragerði sem sækja vinnu í bænum sjálfum. Niðurstöðurnar benda því sterklega í þá átt að Hveragerði sé upp að vissu marki nokkurs konar úthverfi Selfoss og höfuðborgarsvæðisins.

7.6 Eyrarbakki – Vinnusóknarmynstur

Verkefnið snérist um að kanna ferðamynstur eingöngu fyrir Akranes, Selfoss og Hveragerði í upphafi en þegar gögnin voru tekin saman voru tíu aðilar sem búsettir eru á Eyrarbakka sem svöruðu spurningalistanum líka. Þó svo að það sé vissulega lítið úrtak var engu að síður áhugavert að skoða niðurstöðurnar líka fyrir Eyrarbakka. Vinnusóknarmynstur fyrir Eyrarbakka sýnir hvar íbúar Eyrarbakka vinna.

Í töflum 7.15 og 7.16 er tekið saman yfirlit yfir vinnusóknarmynstur þeirra sem búa í póstnúmeri 820 (Eyrarbakki).

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 820 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	2	3	5
Eyrarbakki 820	0	2	2
Stokkseyri 825	0	3	3
Samtals	2	8	10

Tafla 7-15 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 810

Hvar vinna þeir sem búa í póstnúmeri 820 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	100%	38%	50%
Eyrarbakki 820	0%	25%	20%
Stokkseyri 825	0%	38%	30%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 7-16 Yfirlit yfir hvar folk vinnur sem býr í póstnúmeri 810 (%)

Á mynd 7.9 er vinnusóknarmynstur þáttakenda sem búa á Eyrarbakka sýnd grafískt. Niðurstöður fyrir íbúa á Eyrarbakka sýna að 50% af þeim vinna á Selfossi, 30% á Stokkseyri og 20% á Eyrarbakka. Eins og áður hefur komið fram er úrtakið vissulega lítið sem þýðir að óvissan er mikil. Það sem er hins vegar einna áhugaverðast fyrir niðurstöðurnar fyrir Eyrarbakka er að engin þáttakandi þar er að vinna á höfuðborgarsvæðinu sem er ólíkt Hveragerði og Selfoss þar sem mjög stór hluti er að vinna á höfuðborgarsvæðinu. Þannig væri áhugavert að skoða nánar hvort að ferðamynstur íbúa litlu bæjanna (Stokkseyri og Eyrarbakka) sé öðruvísi en stærri bæjanna (Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn). Til upplýsingar er íbúafjöldi Stokkseyrar og Eyrarbakka hvor um sig um 550 manns á meðan Þorlákshöfn er með um 1.500 íbúa, Hveragerði um 2.500 og Selfoss um 7.200



Mynd 7-9 Eyraðalshreppur – vinnusóknarmynstur (%) fyrir þá sem búa í póstnúmeri 820

7.7 Selfoss – Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Selfoss sýnir hvar fólk sem vinnur á Selfossi býr. Af 326 þáttakendum í verkefninu voru 184 sem vinna á Selfossi. Í töflum 7.17 og 7.18 er tekið saman yfirlit yfir búsetumynstur þeirra sem vinna í póstnúmeri 300 skipt niður eftir kynjum.


Hvar búa þeir sem vinna í póstnúmeri 800,801 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	30	124	154
Hveragerði 810	6	12	18
Eyrarbakki 820	2	3	5
Stokkseyri 825	0	1	1
Annað	0	6	6
Samtals	38	146	184

Tafla 7-17 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í póstnúmeri 800 og 801

Hvar búa þeir sem vinna í póstnúmeri 800,801 ?			
Póstnúmer	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	79%	85%	84%
Hveragerði 810	16%	8%	10%
Eyrarbakki 820	5%	2%	3%
Stokkseyri 825	0%	1%	1%
Annað	0%	4%	3%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 7-18 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í póstnúmeri 800 og 801 (%)

Á Mynd 7-10 er búsetumynstur Selfoss sýnt grafískt. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á kyn þar sem þáttaka kynjanna í verkefninu var töluvert ójöfn.



Mynd 7-10 Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í póstnúmeri 800,801

Þegar vinnusóknarmynstur (Mynd 7-7) og búsetumynstur (Mynd 7-10) fyrir Selfoss eru skoðuð saman sést að þau eru frekar ólík. Vinnusóknarmynstrið sýnir að töluvert af íbúum Selfoss eru að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið á meðan búsetumynstrið sýnir að mjög fáir af þáttakendum sem vinna á Selfossi búa á höfuðborgarsvæðinu. Þannig telst höfuðborgarsvæðið klárlega til vinnusóknarsvæðis Selfoss en það er hins vegar óvíst hvort hægt sé að segja að Selfoss teljist til vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

7.8 Hveragerði – Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir Hveragerði sýnir hvar fólk sem vinnur í Hveragerði býr. Af 326 þáttakendum í verkefninu voru 51 sem vinna í Hveragerði. Í töflum 7.19 og 7.20 er tekið saman yfirlit yfir búsetumynstur þeirra sem vinna í pósthúsum 300 skipt niður eftir kynjum.

Hvar búa þeir sem vinna í pósthúsum 810 ?			
Pósthús	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	7	10	17
Hveragerði 810	6	24	30
Ölfus 816	2	2	4
Samtals	15	36	51

Tafla 7-19 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í pósthúsum 810

Hvar búa þeir sem vinna í pósthúsum 810 ?			
Pósthús	Karl	Kona	Samtals
Selfoss 800	47%	28%	33%
Hveragerði 810	40%	67%	59%
Ölfus 816	13%	6%	8%
Samtals	100%	100%	100%

Tafla 7-20 Yfirlit yfir hvar fólk býr sem vinnur í pósthúsum 810 (%)

Á Mynd 7-11 Mynd 8-1 er búsetumynstur Hveragerðis sýnt grafískt. Eingöngu er sýndur heildarfjöldi en ekki skipt niður á kyn.




Mynd 7-11 Búsetumynstur(%) fyrir þá sem vinna í pósnúmeri 810

Þegar vinnusóknarmynstur (Mynd 7-8) og búsetumynstur (Mynd 7-11) fyrir Hveragerði eru skoðuð saman sést að þau eru frekar ólík. Vinnusóknarmynstrið sýnir að töluvert af íbúum í Hveragerði eru að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið á meðan búsetumynstrið sýnir engan sem vinnur í Hveragerði en býr á höfuðborgarsvæðinu. Það skal tekið fram að úrtakið fyrir Hveragerði er ekki mjög stórt og því er næsta víst að eitthvað sé um að fólk vinni í Hveragerði sem býr á höfuðborgarsvæðinu en niðurstöður verkefnisins sýna nokkuð skýrt að mun meira er um að fólk sem býr í Hveragerði sé að sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið heldur en öfugt.

8 Niðurstöður - Vinnusóknarsvæði


Tilgangur verkefnisins var að rannsaka ferðamynstur íbúa og starfsfólks á Akranesi, Selfossi og Hveragerði, til að fá hugmynd um vinnusóknarsvæði fólks. Hugtakið vinnusóknarsvæði hefur verið notað frá því árið 2008 þegar kort yfir vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Íslandi var sett fram í samstarfi Byggdastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna. Kortið var síðan uppfært árin 2011 og 2014 (heimild: www.byggdastofnun.is)



Mynd 8-1 Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014

Skilgreiningin á vinnusóknarsvæði var samkvæmt þessu korti svæði þar sem fólk sækir vinnu daglega. Tilgangurinn með kortinu var að finna eðlilegri viðmiðunarsvæði um vinnusókn en sveitarfélög eða landshluta. Verklagið við skilgreiningu á svæðunum var einfalt og byggt á staðarþekkingu og upplýsingaöflun starfsmanna atvinnuþróunarfélaganna (Heimild: www.byggdastofnun.is). En þrátt fyrir einfaldar reglur var greining á svæðunum ekki einhlít því mörk sumra samliggjandi vinnusóknarsvæða eru óskýr og sum svæði skarast.

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 og Samgönguáætlun 2015-2018 er einnig unnið með hugtakið vinnusóknarsvæði og skilgreiningu á því þar sem vinnusóknarsvæði er skilgreint sem stærri þéttbýliskjarni og aðrir minni kjarnar í kring þar sem íbúar geta sótt vinnu til daglega. Samkvæmt þessum greiningum flokkast Akranes til annarsvegar vinnusóknarsvæðis nr 1 sem kallað er Borgarnes og spannar Borgarfjarðardali, Mýrar, Skipaskaga og höfuðborgarsvæðið.



Mynd 8-3 Vinnusóknarsvæði nr 30 –Höfuðborgarsvæðið (Hvítá-Hvítá), skv korti Byggðastofnunar


Í þessu verkefni líkt og sambærilegu verkefnum sem unnin hafa verið fyrir Mið-Austurland, Akureyri, Húsavík og norðanverða Vestfirði árin 2015 og 2016 vaknar upp sú spurning um hvernig maður eigi nákvæmlega að skilgreina vinnusóknarsvæði, hvað eigi eiginlega að miða við. Telst t.d Suðurland (Hella og Hvolsvöllur) vinnusóknarsvæði fyrir Selfoss út af því að 1% íbúa Selfoss vinna þar? Flestir myndu sennilega svara því neitandi. Í þessum verkefnum var því ákveðið, eins og áður hefur komið fram að skilgreina vinnusóknarsvæðin sem þau svæði þar sem 90% af íbúunum vinna. Einnig var ákveðið að fyrir þau 10% sem eftir standa að ef meira en helmingur þeirra ynni á einum stað myndi sá staður telja með í vinnusóknarsvæði.

Niðurstöður þessa verkefnis staðfesta að höfuðborgarsvæðið telst til vinnusóknarsvæðis Akraness en það eru hins vegar mjög fáir þáttakendur verkefnisins sem sækja vinnu í norðurátt (Borgarfjarðardali og Mýrar) líkt og skilgreiningin er á vinnusóknarsvæði nr 1 á korti Byggðastofnunar. Áhugavert hefði verið að skoða einnig íbúa Borgarness til að sjá hvort þeir sækja vinnu til höfuðborgarinnar í sama mæli og Skagamenn. Ennfremur eru örfáir sem sækja vinnu lengra en höfuðborgarsvæðið (Reykjanes og Suðurland) og benda niðurstöður fyrir Akranes því skýrt í þá átt að vinnusóknarsvæði bæjarins sé eingöngu Akranes-Hvalfjarðarsveit - höfuðborgarsvæðið miðað við skilgreiningar verkefnisins, sjá Mynd 8-4. Vinnusóknarsvæðið er því töluvert minna en bæði vinnusóknarsvæði 1 og 30, en verið getur að þau svæði eigi engu að síður við þegar talað er um vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins eða Borgarness.




Mynd 8-4 Vinnusóknarsvæði Akraness miðað við niðurstöður og skilgreiningar verkefnisins.

Selfoss og Hveragerði flokkast til vinnusóknarsvæðis númer 28 (Mynd 8-5), austan frá Markarfljóti, norðan frá Haukadal og Laugarvatni og vestur til Þorlákshafnar, Voga og Hveragerði og til Reykjavíkur. Selfoss og Hveragerði tilheyra einnig vinnusóknarsvæði 30 „Hvítá-Hvítá“ (Mynd 8-3) líkt og Akranes.



Mynd 8-5 Vinnusóknarsvæði nr 28 –Selfoss, skv korti Byggðastofnunar


Niðurstöður verkefnisins fyrir Selfoss og Hveragerði sýna hins vegar töluvert minna vinnusóknarsvæði, eða eingöngu svæðið frá höfuðborginni að Selfossi - sjá Mynd 8-6.




Mynd 8-6 Vinnusóknarsvæði Selfoss og Hveragerðis miðað við niðurstöður og skilgreiningar verkefnisins.

Mjög fáir þáttakendur eru þannig að sækja vinnu austur í átt að Hellu og Hvolsvelli eða inn í land í uppsveitir Árnessýslu. Engu að síður er líklegt að Selfoss teljist vera vinnusóknarsvæði fyrir Hellu, Hvolsvöll og uppsveitir Árnessýslu, ef það væri skoðað líka.

Þegar skoðuð eru svör þáttakenda við spurningu 9 „Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu, hvað væri hún þá langt frá heimili þínu“ og borin saman við svör þáttakenda við spurningu 10 „Ef þér byðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í vinnu“, er hægt að sjá annars vegar vísbendingu um hvað væri stysta vegalengd sem fólk vildi ferðast í vinnu (spurning 9) og hvað er lengsta vegalengd (spurning 10) sem fólk væri tilbúið að ferðast daglega til vinnu. Á gröfum 8.1 til 8.4 má sjá niðurstöður úr þessum spurningum fyrir bíl sem ferðamáta.




Graf 8-1 Fjarlægð frá vinnu í bíl ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu (Akranes).




Graf 8-2 Fjarlægð frá vinnu í bíl ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu (Selfoss og Hveragerði).

Ef fólk réð staðsetningu núverandi vinnu þá kysu langflestir að hafa vinnuna innan 5 mín akstursfjarlægðar frá heimili. Konurnar sýna þarna skýrt frekari vilja til að vera nær heimilinu en karlar. Á bilinu 70-80% svarenda vildi ferðast í styttri tíma en 15 mín. Ef þær mínútur eru umreiknaðar yfir í fjarlægð miðað við 60 km/klst meðalhraða er eingöngu um ca 5-10 km vegalengd að ræða fyrir flesta.

Þegar fólk var spurt um draumastarfið teygðist hins vegar verulega á ferðatímanum og meirihlutinn þar orðinn tilbúinn til að ferðast í 30-60 mín til vinnu daglega. Það skal tekið fram að spurningin er vissulega þeim annmörkum háð að draumastarfið getur verið mjög mismunandi hlutur í hugum fólks, en engu að síður sýnir þetta skýrt myndstur. Það sem er einna áhugaverðast við niðurstöðurnar fyrir Akranes og Selfoss er að mun fleiri þar eru tilbúnir til að keyra lengri vegalengdir >40 mín í draumastarfið miðað við svör fólks í sambærilegum verkefnum fyrir Norðurland, Austurland, Vestfirði og höfuðborgarsvæðið en þar voru ennþá langflestir undir 30 mín. Spurning er hvort þetta helgist af því að fólk á Akranesi og Selfossi er vanara að ferðast í lengri tíma þar sem margir sækja vinnu yfir langan veg. Það að vita af höfuðborgarsvæðinu í ca 40-60 mín akstursfjarlægð getur líka spilað stóran þátt í þessum niðurstöðum miðað við t.d svæði eins og Akureyri, Egilsstaði eða Ísafjörð þar sem fólk er ekki vant því að hafa borg innan slíkra akstursvegalengda.



Graf 8-3 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í bíl fyrir draumastarfið (Akranes).



Graf 8-4 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í bíl fyrir draumastarfið (Selfoss og Hveragerði).

9 Viðauki 1 – Spurningalisti Akranes

*** 1. Kyn?**

- Karl
 Kona

2. Á hvaða aldri ert þú ?

*** 3. Hvar er vinnustaður þinn?**

Vinsamlegast tilgreindu götuheiti og/eða póstnúmer, t.d. Dalbraut og 300. Ef þú vinnur á mismunandi stöðum, tilgreindu þá þann vinnustað sem þú eyðir meirihluta vinnudags þíns á.

Götuheiti

Póstnúmer

*** 4. Hvar býrðu?**

Vinsamlegast tilgreindu götuheiti og/eða póstnúmer, t.d. Seljuskógar og 300. Ath. ekki setja húsnúmer.

Götuheiti

Póstnúmer

*** 5. Hvað er hæsta stig menntunar þinnar ?**

- Grunnskólapróf
 Iðnnám eða verk nám
 Stúdentspróf
 Háskólapróf B.Sc, B.A gráða eða sambærilegt
 M.Sc, M.A. Phd gráða eða sambærilegt
 Annað

*** 6. Hefur þú möguleika í núverandi vinnu á að vinna heima hjá þér ?**

- Nei
 Já - einu sinni til tvisvar í mánuði
 Já - þrisvar til fjórum sinnum í mánuði
 Já - oft en fjórum sinnum í mánuði
 Já þegar mér hentar
 Já - á kvöldin og um helgar eftir hefðbundna vinnuviku á vinnustaðnum sjálfum.

*** 7. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til vinnu?**

- Bíll
- Strætó/Rúta
- Mótorhjól
- Reiðhjól
- Gangandi

*** 8. Notar þú einhvern af neðangreindum ferðamátum stundum til vinnu í staðinn fyrir þann ferðamáta sem þú notar oftast? (hér má merkja við meira en einn valkost)**

- Bíll
- Strætó/Rúta
- Mótorhjól
- Reiðhjól
- Gangandi
- Nota alltaf sama ferðamat og í spurningu 7

*** 9. Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu þinnar, hvað væri vinnan langt frá heimili þínu að hámarki?**

Dæmi: Þú vildir að hámarki geta gengið í 30 mín eða hjólað í 50 mín, þá merkirðu eingöngu við "Gangandi 30mín" og "Reiðhjól 50 mín"

	5 mín	10 mín	15 mín	20 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín eða meira
Bíll	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Strætó/hópferðabifreið	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Reiðhjól	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gangandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

10. Ef þér býðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast lengi á hverjum degi í vinnuna að hámarki?

Dæmi: Þú værir tilbúinn að keyra í bíl í 30 mín eða taka strætó í 60 mín að hámarki, þá merkirðu eingöngu við "Bíll 30 mín" og "Strætó 60 mín" (ef þú ert í draumastarfinu nú þegar geturðu sleppt því að svara þessarri spurningu)

	5 mín	10 mín	15 mín	20 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín eða meira
Bíll	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Strætó/hópferðabifreið	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Reiðhjól	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gangandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 11. Hversu aðlaðandi eða fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi ?

	Mjög aðlaðandi	Frekar aðlaðandi	Hlutlaus - skiptir mig ekki máli	Nokkuð fráhrindandi	Mjög fráhrindandi
Fjallvegur (snjóflóðahætta)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Heiði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Göng	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Malbikaður vegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Malarvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 12. Hversu aðlaðandi eða fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi ?

	Mjög aðlaðandi	Frekar aðlaðandi	Hlutlaus - skiptir mig ekki máli	Nokkuð fráhrindandi	Mjög fráhrindandi
Hvalfjarðargöng	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Akrafjallsvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Kjalarnesvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Hringvegur (við Hafnarfjall)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

13. Annað sem þú vilt koma á framfæri ?

10 Viðauki 2 – Spurningalisti Selfoss og Hveragerði

*** 1. Kyn?**

- Karl
 Kona

2. Á hvaða aldri ert þú ?

*** 3. Hvar er vinnustaður þinn?**

Vinsamlegast tilgreindu götuheiti og/eða póstnúmer, t.d. Eyrarvegur og 800. Ef þú vinnur á mismunandi stöðum, tilgreindu þá þann vinnustað sem þú eyðir meirihluta vinnudags þins á.

Götuheiti
Póstnúmer

*** 4. Hvar býrðu?**

Vinsamlegast tilgreindu götuheiti og/eða póstnúmer, t.d. Heiðmörk og 810 Ath. ekki setja húsnúmer.

Götuheiti
Póstnúmer

*** 5. Hvað er hæsta stig menntunar þinnar ?**

- Grunnskólapróf
 Iðnnám eða verknám
 Stúdentspróf
 Háskólapróf B.Sc, B.A gráða eða sambærilegt
 M.Sc, M.A. Phd gráða eða sambærilegt
 Annað

*** 6. Hefur þú möguleika í núverandi vinnu á að vinna heima hjá þér ?**

- Nei
 Já - einu sinni til tvisvar í mánuði
 Já - þrisvar til fjórum sinnum í mánuði
 Já - oft en fjórum sinnum í mánuði
 Já þegar mér hentar
 Já - á kvöldin og um helgar eftir hefðbundna vinnuviku á vinnustaðnum sjálfum.

*** 7. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til vinnu?**

- Bíll
- Strætó/Rúta
- Mótorhjól
- Reiðhjól
- Gangandi

*** 8. Notar þú einhvern af neðangreindum ferðamátum stundum til vinnu í staðinn fyrir þann ferðamáta sem þú notar oftast? (hér má merkja við meira en einn valkost)**

- Bíll
- Strætó/Rúta
- Mótorhjól
- Reiðhjól
- Gangandi
- Nota alltaf sama ferðamat og í spurningu 7

*** 9. Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu þinnar, hvað væri vinnan langt frá heimili þínu að hámarki?**

Dæmi: Þú vildir að hámarki geta gengið í 30 mín eða hjólað í 50 mín, þá merkirðu eingöngu við "Gangandi 30mín" og "Reiðhjól 50 mín"

	5 mín	10 mín	15 mín	20 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín eða meira
Bíll	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Strætó/hópfarabifreið	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Reiðhjól	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gangandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

10. Ef þér býðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast lengi á hverjum degi í vinnuna að hámarki?

Dæmi: Þú værir tilbúinn að keyra í bíl í 30 mín eða taka strætó í 60 mín að hámarki, þá merkirðu eingöngu við "Bíll 30 mín" og "Strætó 60 mín" (ef þú ert í draumastarfinu nú þegar geturðu sleppt því að svara þessari spurningu)

	5 mín	10 mín	15 mín	20 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín eða meira
Bíll	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Strætó/hópfarabifreið	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Reiðhjól	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gangandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 11. Hversu aðlaðandi eða fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi ?

	Mjög aðlaðandi	Frekar aðlaðandi	Hlutlaus - skiptir mig ekki máli	Nokkuð fráhrindandi	Mjög fráhrindandi
Fjallvegur (snjóflóðahætta)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Heiði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Göng	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Malbikaður vegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Malarvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 12. Hversu aðlaðandi eða fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi ?

	Mjög aðlaðandi	Frekar aðlaðandi	Hlutlaus - skiptir mig ekki máli	Nokkuð fráhrindandi	Mjög fráhrindandi
Heillisheiði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Suðurlandsvegur milli Selfoss og Hveragerðis	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Suðurlandsvegur austan við Selfoss	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Biskupstungnabraut	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Eyrarbakkevegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Þorlákshafnarvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Þrengsli	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ölfusárbrú	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

13. Annað sem þú vilt koma á framfæri ?